

## **Siðareglur Landbúnaðarháskóla Íslands**

Landbúnaðarháskóli Íslands er samfélag sem samanstendur af nemendum, kennurum og öðru starfsfólki stofnunarinnar. Þar ber einstaklingum að sýna virðingu, heiðarleika og sanngirni í hegðan sinni, námi og störfum. Hver og einn hefur þá frumskyldu að koma í veg fyrir hvers konar órétti, svo sem einelti, ofbeldi, kynferðislega áreitni eða mismunun byggða á kynferði, fötlun, aldri, trú, skoðunum, þjóðerni, kynþætti, kynhneigð eða öðrum ómálefnalegum sjónarmiðum.

### **Almennt**

1. Öllum meðlimum skólasamfélagsins við Landbúnaðarháskóla Íslands ber að standa vörð um heiður skólans og aðhafast ekkert það sem kynni að verða til þess að rýra álit samfélagsins á honum. Öllum ber að leggja sig fram um að skólinn sinni hlutverki sínu og að siðareglur þessar séu haldnar.
2. Starfsfólk og nemendum er frjálst að gagnrýna stefnu og starfshætti skólans á málefnalegan hátt.
3. Kennarar, annað starfsfólk og nemendur leggja sig fram um að efla frjáls málefnaleg skoðanaskipti innan skólans og í samfélaginu. Þeir sem taka þátt í opinberri umræðu eða sinna félagsstörfum og stjórnmálum gera slíkt samkvæmt eigin sannfæringu en skulu jafnframt minnst ábyrgðar sinnar sem háskólaborgarar.
4. Einstaklingar innan skólasamfélagsins skulu á ábyrgan hátt huga að afleiðingum starfa sinna og gjörða fyrir samfélag, umhverfi og náttúru.
5. Starfsfólk og nemendur sýna hvert öðru virðingu í framkomu, ræðu og riti. Þau vinna saman af heilindum og forðast að láta persónuleg tengsl eða hagsmuni hafa þar áhrif á.
6. Starfsfólk virðir nemendur og annað samstarfsfólk sem einstaklinga og gætir trúnaðar um persónuleg málefni þeirra, sem og um trúnaðarmál sem varða þriðja aðila. Starfsfólk gætir fyllstu varúðar hvar og hvenær sem málefni nemenda eða samstarfsfólks eru til umræðu.
7. Starfsfólk og nemendur mismuna ekki hvert öðru, til dæmis vegna kyns, fötlunar, aldurs, trúar, skoðana, þjóðernis, kynþáttar eða kynhneigðar.
8. Meðlimir skólasamfélagsins leggja ekki hver annan í einelti né áreita kynferðislega.
9. Verði einstaklingur vitni að mismunun, ofbeldi, kynferðislegri áreitni eða einelti ber honum að gera skólayfirvöldum aðvart.

### **Kennsla, rannsóknir og nám**

1. Kennarar, rannsakendur og nemendur skulu leita þekkingar af heilindum og hlutlægni. Þeir leggja áherslu á fagleg vinnubrögð, gagnrýna hugsun og málefnalegan rökstuðning.
2. Kennarar, rannsakendur og nemendur skulu ávallt vinna samkvæmt eigin sannfæringu óháð því hver samstarfsaðili er eða hver fjármagnar þá vinnu sem unnin er. Ávallt skal upplýsa um hagsmunatengsl, séu þau til staðar.
3. Kennarar, rannsakendur og nemendur setja ekki fram hugverk annarra sem sín eigin. Ávallt skal virða höfundarréttindi og geta heimilda, allt í samræmi við viðtekin fræðileg vinnubrögð.
4. Kennarar, rannsakendur og nemendur eru gagnrýnir á sjálfa sig og vanda störf sín. Þeir falsa ekki eða afbaka upplýsingar, gögn eða niðurstöður rannsókna og forðast hvers kyns mistök og villur. Verði þeim slíkt á viðurkenna þeir mistökkin og gera það sem þeir geta til að bæta fyrir þau.
5. Kennarar upplýsa um hvers konar tengsl sín við nemendur sem valdið gætu vanhæfi þeirra til ákvarðanatöku um námsmat eða aðra þætti sem máli kunna að skipta.

### **Kennara og kennsla**

1. Kennarar stuðla að menntun nemenda með vandaðri leiðsögn, viðeigandi faglegum kröfum, hvatningu og góðu fordæmi. Þeir haga kennslu, leiðsögn og þjálfun samkvæmt reglum um kennslu og próf sem skólinn setur.
2. Kennarar virða réttindi nemenda sinna og hafa hagsmuni þeirra að leiðarljósi.
3. Kennarar gera sanngjarnar kröfur til nemenda og vanda námsmat. Ef grunur leikur á misferli nemenda ber þeim að fylgja málinu eftir samkvæmt reglum skólans.
4. Kennarar veita nemendum tímanlega upplýsingar um þær kröfur sem þeir eða skólinn gera til nemenda. Þeir standa við skuldbindingar sínar gagnvart nemendum og skila einkunnum og verkefnum innan þeirra tímamarka sem reglur skólans gera ráð fyrir.
5. Kennarar eru meðvitaðir um stöðu sína sem leiðbeinendur og fyrirmyndir, og misnota ekki þá stöðu í samskiptum við nemendur.

### **Rannsakendur og rannsóknir**

1. Skólinn, stjórn, stjórnendur og starfsmenn virða fullt rannsókn- og tjáningarfrelsi rannsakenda.
2. Starfsfólk sem vinnur við rannsóknir og fræðastörf hefur þá skyldu að viðhalda faglegri þekkingu sinni og miðla henni. Með slíku stuðlar það að framþróun sinnar fræðigreinar.
3. Þeir sem rannsóknir stunda virða og viðurkenna framlag hver annars til rannsókna. Þeir eigna sér ekki heiðurinn af hugmyndum nemenda og geta ávalltframlags þeirra til rannsókna.
4. Við rannsóknir á við LbhÍ skal ávallt virða réttindi þátttakenda í rannsóknum og gæta þess að hagsmunir þeirra njóti ytrustu verndar.

5. Kennarar, rannsakendur og eftir atvikum nemendur birta niðurstöður sínar á opinberum vettvangi. Þeir birta þær í eigin nafni sem fræðimenn við skólann eða í nafni rannsóknastofnana innan hans. Enginn getur látið uppi álit Landbúnaðarháskóla Íslands nema háskólaráð og rektor.
6. Rannsakendur, sem starfandi eru við skólann, skulu gæta sæmdarréttar skólans og láta starfs síns við hann getið við birtingu rannsókna sem unnar hafa verið í starfstíma þeirra.
7. Rannsakendur, sem starfandi eru við skólann, skulu gæta samráðs og sæmdarréttar samstarfsmanna við umfjöllun og birtingu rannsókna sem unnar hafa verið við LbhÍ.

### **Nemendur og nám**

1. Nemendur virða kennara sína, annað starfsfólk og samnemendur sem einstaklinga og koma fram við þá af tillitsemi, kurteisi og virðingu.
2. Nemendur vinna verkefni, ritgerðir og próf af heiðarleika og stuðla að því að samnemendur þeirra geri slíkt hið sama.
3. Nemendur nota ávallt rétt gögn við umsóknir, svo sem rétt vottorð, prófskírteini eða meðmæli sem viðkoma námi þeirra eða störfum.

### **Starfsfólk og þjónusta**

1. Starfsfólk veitir nemendum og samstarfsfólki ávallt upplýsingar er þau varða eftir bestu vitund og gætir þess að þær séu eins réttar og kostur er. Það fullyrðir ekki meira en vitneskja gefur tilefni til hverju sinni og viðurkennir hvenær þekking þess er takmörkuð, aflar frekari upplýsinga eða vísar fyrirspurnum til viðeigandi aðila.
2. Starfsfólk heldur, með lipurð og sanngirni, góðu sambandi við nemendur, samstarfsfólk og aðra sem nota veitta þjónustu.
3. Starfsfólk og nemendur gæta þess að fara vel með fjármuni eða verðmæti háskólans sem þeim er trúað fyrir eða hafa til umráða vegna starfs síns eða náms. Slík gæði séu ekki notuð til einkahagsmuna.

### **Skipulag, viðurlög og kæruleiðir**

1. Sérstök siðanefnd starfar við Landbúnaðarháskóla Íslands sem úrskurðar um það hvort siðareglur hafi verið brotnar. Siðanefnd er kjörin af háskólaráði og skulu þar sitja einn fulltrúi starfsfólks, einn fulltrúi nemenda og formaður tilnefndur af rektor. Skal hann jafnan vera fastráðinn kennari við stofnunina.
2. Nefndin tekur við ábendingum og kærum frá aðilum utan og innan skólans. Hún hefur lögsögu yfir starfsfólki og nemendum og gjörðum þeirra innan háskólasamfélagsins, bæði innan skóla og utan. Nefndin tekur ekki upp mál að eigin frumkvæði.
3. Við málsmeðferð skal nefndin gæta meginreglna stjórnsýslulaga um upplýsingaöflun, meðalhóf og andmælarétt.
4. Úrskurður nefndarinnar skal vera rökstuddur og afdráttarlaus um það hvort siðareglur hafi verið brotnar eða ekki.
5. Brot á siðareglum varðar áminningu við fyrsta brot, en getur einnig varðað brottvísun eða starfsmissi ef um ítrekað eða alvarlegt brot er að ræða samkvæmt reglugerð.
6. Nefndin ákvarðar ekki um viðurlög við brotum. Slíkt gerir, rektor.

### **Vinnsla og gildi**

1. Við vinnslu siðareglna Landbúnaðarháskóla Íslands var tekið mið af siðareglum Háskólans á Bifröst, HÍ og HR.
2. Siðareglur þessar öðlast gildi með staðfestingu háskólaráðs og birtingu rektors á þeirri samþykkt.
3. Siðareglur þessar eru kynntar öllum nýjum starfsmönnum og nemendum. Þær skulu aðgengilegar á vef háskólans.

*Samþykkt í háskólaráði 9. maí 2007*